



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

---

### **Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um torg**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 10. ágúst sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Gera á "bráðabirgða útipall" við Frakkastíg. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvað svona "bráðabirgða" útipallur kostar? Er verið að velja hagkvæmustu lausnina? Flokkur fólksins óttast að hér sé á ferðinni sóun og brúðl. Flokkur fólksins óskar upplýsingar um kostnað Reykjavíkurborgar síðustu 5 árin við að fegra miðbæ Reykjavíkur (torg/ stíga/ upphitun stíga/ jólaskraut/ útihátíðir/ aðrar uppákomur o.fl.) á móts við aðra bæjarhluta? Óskað er eftir því að fá samanburðartölur t.d. hvað kostaði Óðinstorg og hvað kostaði torgið í Mjódd? Hver er kostnaður síðustu 5 árin við að fegra miðbæ Reykjavíkur (torg/ stíga/ upphitun stíga/ jólaskraut/ útihátíðir/ aðrar uppákomur o.fl.) til samanburðar við aðra bæjarhluta?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 7. september sl.

Svar:

Fyrirspurnin sem um ræðir er afar viðtæk og ördugt að svara öllum liðum hennar, enda ekki tæmandi talið hvað spurt er um. Við vinnslu fyrirspurnarinnar voru skoðaðar fjárhæðir sem hefur verið ráðstafað til að fegra og viðhalda borginni á árunum 2018 til 2022 í verkefnum tengdum Torg í biðstöðu, Hverfið mitt og jólaskreytingum. Í bókhaldi er því haldið til haga hverju er ráðstafað fyrir hvern borgarhluta fyrir sig en ekki ekki alltaf fyrir hvert verkefni fyrir sig nema í tilfellum stærri verkefna.

Vaxandi áhersla hefur verið á að lýsa upp og skreyta borgarrýmið í aðdraganda jólanna og þá sérstaklega í miðborginni. Á árunum 2018 til 2022 var rúmlega 213 milljónum kr. varið í jólaskreytingar í borginni. Þar af var tæplega 192 milljónum kr varið í skreytingar og uppsetningu í miðborginni.

Kostnað við verkefni *Torg í biðstöðu* sem og fjöldi verkefna og skipting milli borgarhluta má sjá í töflum 1.



Tafla 1 Verkefni Torg í biðstöðu 2018-2022, skipt eftir borgarhlutum

	Samtals kr	Fjöldi verkefna
Árbær	3.500.000	1
Breiðholt	2.231.159	1
Grafarvogur	3.000.000	1
Laugardalur	20.291.348	7
Miðborg	41.187.322	21
Vesturbær	5.237.000	3
Um alla borg	1.650.000	3
<b>Samtals</b>	<b>77.096.829</b>	<b>37</b>

Eins og sjá má eru verkefni sem heyra undir *Torg í biðstöðu* staðsett víðsvegar um borgina og sum verkefni hafa verið þvert á borgarhluta. Hvað útipallinn á Frakkastíg varðar tilheyrði hann verkefninu *Torg í biðstöðu* og var kostnaður við pallinn kr. 2.320.000. Verkefni sem heyra undir *Torg í biðstöðu* eru alla jafna valin út frá innkomnum umsóknum en pallurinn á Frakkastíg var þó gerður að frumkvæði Reykjavíkurborgar sumarið 2022 þar bílastæði vestan megin á Frakkastíg höfðu verið aflögð vegna þrengsla þegar ökutækjum var lagt báðum megin.

Kostnað sem varið hefur verið í verkefni *Hverfið mitt* 2018-2022 má sjá í töflum 2.

Tafla 2 Verkefni Hverfið mitt 2018-2022, kostnaður verkefna eftir borgarhlutum

	Samtals kr
Vesturbær	194.179.721
Miðborg	127.134.627
Hlíðar	78.982.082
Laugardalur	195.203.379
Háaleiti - Bústaðir	241.790.302
Breiðholt	205.035.380
Árbær	185.591.332
Grafarvogur	252.606.585
Kjalarnes	58.308.201
Grafarholt - Úlfarsárdalur	117.191.811
Óhverfaskipt	486.733.196
<b>Samtals</b>	<b>2.142.756.618</b>

Áður hefur verið spurt um kostnaður við gerð Óðinstorgs. Í svari Fjármála- og áhættustýringarsviðs við þeirri fyrirspurn, dags. 5. desember 2020<sup>1</sup> kemur fram að kostnaðurinn við Óðinstorg var 60,6 milljónir kr. Í Mjódd hafa verið framkvæmdir við þrjú torg

<sup>1</sup> [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/33c\\_r19030190\\_svar\\_vid\\_fyrirspurn\\_borgarradsfulltrua\\_sjalfstaedisflokksins\\_og\\_fyrirspurn\\_aheyrnarfulltrua\\_midflokksins\\_um\\_odinstorgi\\_og\\_nagrenni.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/33c_r19030190_svar_vid_fyrirspurn_borgarradsfulltrua_sjalfstaedisflokksins_og_fyrirspurn_aheyrnarfulltrua_midflokksins_um_odinstorgi_og_nagrenni.pdf)



Reykjavíkurborg

og aðlögun að nálægum svæðum en samanlagt var kostnaður við þær framkvæmdir 235 milljónir kr.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*Samgöngustjóri*